

# ÍSÍ ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAM BAND ÍSLANDS

THE NATIONAL OLYMPIC AND SPORTS ASSOCIATION OF ICELAND


Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík,

Sími/Tel. +354 514 4000, Fax +354 514 4001, isi@isisport.is, www.isisport.is

*Alþingi*

*Erindi nr. P 128/694*

*komudagur 16.12.2002*



**Allsherjarnefnd Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**Reykjavík 104**

**Reykjavík 16 desember 2002**

**v/ frumvarp til laga um gjald af áfengi og tóbaki, 41. mál,**  
**forvarnarsjóður**

**v/ tillaga til þingsályktunar um eflingu forvarnarsarfs, 40. mál**

Framkvæmdastjórn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands hefur fengið ofangreind þingmál til umsagnar og er þeim svarað hér með einni umsögn, þar sem þau eru um skylt efni.

ÍSÍ getur fallist í meginatriðum á nauðsyn þess að skipuleggja og gera áætlanir um eflingu félagslegs forvarnarsarfs. Notkun ávana- og fíkniefna er mikill vágastur, sem samfélagið og stjórnvöld verða að sporna gegn af öllum mætti. Það viðnám verður ekki veitt, nema til þess fáist fé, og forvarnarsjóður er góðra gjalda verður.


Hinsvegar er það skoðun ÍSÍ, að fjármununum sé best varið og þeir komi að mestum notum, með beinum og milliðalausum framlögum til þeirrar félagslegu starfsemi, sem rekin er í landinu og er í eðli sínu forvarnir. Að því er íþróttastarfsemina varðar er hún ein samfelld forvörn með tilveru sinni og tilvist, athvarf æskunnar, og stuðlar að heilbrigðri tómstundaiðju og hreyfingu, sem er sterkasta og áhrifamesta andstæðan við óreglu hverskonar. Íþróttahreyfingin hefur aldrei fengið styrk úr forvarnasjóði (þrátt fyrir umsóknir) og meðan sú stefna ríkir hjá ábyrgðarmönnum þessa sjóðs, er auðvitað verið að sniðganga þá æskulýðsstarfsemi sem mest og best nýtist sem forvörn gegn notkun ávana og fíkniefna.

ÓLYMPIÚFJÖLSKYLDAN

Ef fjárveitingarvaldið felst á að taka hluta af innheimtu áfengisgjaldi og láta það renna til forvarnarmála, þykir undirrituðum f.h. framkv.stj. ÍSÍ eðlilegast og hreinlegast að láta það fé ganga beint til þeirrar starfsemi í landinu, íþróttastarfseminnar, sem hefur það að opinberu markmiði sínu að bægja æskufólki frá óreglu.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ styður þingsályktunar tillöguna um gerða rammaáætlunar en lætur það liggja á milli hluta, hvort hluti af áfengisgjaldi verði látinn renna í forvarnarsjóð, meðan sá sjóður telur það ekki hlutverk sitt að láta fé af hendi rakna til íþróttahreyfingarinnar, þrátt fyrir að hún sé öflugustu og langstærstu félagslegu samtökin í landinu, sem vinna árið um kring að forvörnum.

## ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS



Ellert B Schram  
forseti ÍSÍ